



Stoð- og stuðningsþjónustureglur Dalabyggðar

Dalabyggð veitir einstaklingum stuðnings- og stoðþjónustu eftir því sem þörf krefur. Þjónustan byggir á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum. Þjónustan er veitt með það að markmiði að valdefla einstaklinginn, að hann geti tekið þátt í samfélaginu án aðgreiningar og standi þannig til jafns við aðra, auk þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun.

Allar frekari upplýsingar og aðstoð varðandi eftirfarandi þjónustupætti eru veittar í síma 430 4300.

Reglur um notendasamninga

Samkvæmt reglum um notendasamninga geta einstaklingar eða barnafjölskyldur sem metnar hafa verið í þörf fyrir aðstoð eða stoðþjónustu sótt um að gera notendasamning þar sem fjallað er um framkvæmd stoðþjónustunnar. Heimilt er að samþætta þjónustu sem einstaklingur á rétt á samkvæmt öðrum lögum í slíkum samningi.

Markmið notendasamninga er að auka val einstaklinga og barnafjölskyldna um þjónustuform og fyrirkomulag stuðnings, að undangengnu faglegu mati. Notendasamningur felur í sér að notandi stjórnar því hver veitir aðstoðina, hvenær hún er veitt og hvernig, þannig að best henti hverjum og einum. Notendasamningar geta verið í formi beingreiðslusamnings, þar sem notandi sér alfarið um starfsmannahald sjálfur, eða þannig að notandi stýrir sjálfur þjónustu við sig þó að þeir sem aðstoði hann séu starfsmenn sveitarfélags.

Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð

Einstaklingur á rétt á notendastýrðri persónulegri aðstoð hafi hann mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð og þjónustu, svo sem við athafnir daglegs lífs, heimilishald og þátttöku í félagslífi, námi og atvinnulífi. Aðstoðin skal vera skipulögð á forsendum notandans og undir verkstýringu og verkstjórn hans.



Reglur um frístundaþjónustu

Sveitarfélög skulu bjóða börnum og ungmennum með fötlun upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla.

Reglur um stuðningsfjölskyldur fyrir börn með fatlanir og fjölskyldur þeirra

Fjölskyldur barna með fatlanir eiga rétt á stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur. Dvöl barns með fötlun hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil.

Reglur um styrki vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar

Sveitarfélögum er heimilt að veita einstaklingum með fötlun styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Reglur um akstursþjónustu

Einstaklingar með fatlanir skulu eiga kost á akstursþjónustu sem miðar að því að þeir geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem þeir kjósa og á þeim tíma sem þeir velja gegn viðráðanlegu gjaldi.

Jafnframt skulu einstaklingar með fötlun eiga rétt á akstursþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir og vegna annarrar þjónustu sem þeir njóta samkvæmt lögum um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Markmið akstursþjónustu er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda.

Samþykkt í félagsmálanefnd Dalabyggðar 15. 01. 2025.